

585. fundur

Þriðjudaginn 21. júlí 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.
Baldur Arnar Sigmundsson ANR var veikur.
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR var í orlofi.

1. Lögð fram fundargerð 584 og hún samþykkt.
2. Lagðar voru fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna útboðs á WTO tollkvóta á landbúnaðarvörum fyrir tímabilið 1. júlí 2015 – 30. júní 2016.

Mánudaginn 20. júlí 2015 rann út umsóknarfrestur um tollkvóta vegna innflutnings á nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, smjöri og ostum og eggjum fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016.

Samtals bárust umsóknir frá tólf aðilum um tollkvótann. Til útboðs kom á tollkvótum á alifuglakjöti, unnum kjötvörum, ostum og eggjum þar sem umsótt magn var meira en það magn sem í boði var.

Samtals bárust tíu gild tilboð í tollkvótann.

Fjórar umsóknir bárust um innflutning á nautagripakjöti, samtals 65.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 95.000 kg.

Þrjár umsóknir bárust um innflutning á svínakjöti, samtals 40.100 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 64.000 kg.

Tvær umsóknir bárust um innflutning á kinda- eða geitakjöti, samtals 52.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 345.000 kg.

Sex tilboð bárust um innflutning á kjöti af alifuglum, samtals 220.000 kg á meðalverðinu 213 kr./kg. Hæsta boð var 550 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 59.000 kg á meðalverðinu 335 kr./kg.

Tvær umsóknir bárust um innflutning smjöri, samtals 16.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 53.000 kg.

Sjö tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum, samtals 119.200 kg á meðalverðinu 192 kr./kg. Hæsta boð var 430 kr./kg en lægsta boð var 20 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sjö fyrirtækjum um innflutning á 119.000 kg á meðalverðinu 192 kr./kg.

Þrjú tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á eggjum, samtals 46.000 kg á meðalverðinu 4 kr./kg. Hæsta boð var 30 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 46.000 kg á meðalverðinu 4 kr./kg.

Átta tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, samtals 217.000 kg. á meðalverðinu 160 kr./kg. Hæsta boð var 350 kr./kg en lægsta boð var 21 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 86.000 kg á meðalverðinu 260 kr./kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Nautgripakjöt fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.000	Innnes ehf
30.000	Íslenskar matvörur efh
10.000	Nautica ehf
10.000	Sælkeradreifing ehf

Svínakjöt fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
30.000	Íslenskar matvörur ehf
10.000	Nautica ehf
100	Rain ehf

Kinda- og geitakjöt fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
2.000	Aðföng hf
50.000	Íslenskar matvörur ehf.

Alifuglakjöt fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
14.750	Aðföng hf.
4.250	Garri ehf
40.000	Innnes ehf

Smjör fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
1.000	Aðföng hf.
15.000	Íslenskar matvörur ehf

Ostur fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
10.000	Aðföng hf
4.200	Garri ehf
30.000	Innnes ehf
30.000	Íslenskar matvörur ehf
7.000	KFC ehf
35.000	Mjólkursamsalan ehf
2.800	Nautica ehf

Fuglsegg fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
10.000	Íslenskar matvörur ehf.
30.000	Nautica ehf
6.000	Sælkeradreifing ehf

Unnar kjötvörur fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
28.286	Aðföng hf
35.000	Eggert Kristjánsson ehf
5.000	Innnes ehf
13.000	Kaupás hf
4.714	Sælkeradreifing ehf

Lagðar voru fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna útboðs á EFTA tollkvóta á nautakjöti og ostum fyrir tímabilið 1. júlí 2015 – 30. júní 2016.

Mánudaginn 20. júlí 2015 rann út umsóknarfrestur um EFTA tollkvótum á landbúnaðarvörum frá Noregi og Sviss, vegna innflutnings á nautakjöti úr vörulið ex0210.xxxx fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016.

Samtals bárust umsóknir frá tveimur aðilum um tollkvótann. Til útboðs kom á tollkvótum á nautakjöti úr vörulið ex0210.xxxx þar sem umsótt magn var meira en það magn sem í boði var.

Samtals barst eitt gilt tilboð í tollkvótann.

Eitt tilboð barst um innflutning á nautakjöti, samtals 5.000 kg á meðalverðinu 4 kr./kg. Hæsta boð var 5 kr./kg en lægsta boð var 3 kr./kg. Tilboðum var tekið frá einu fyrirtæki um innflutning á 5.000 kg á meðalverðinu 4 kr./kg.

Ein umsóknir barst um innflutning ostum, samtals 5.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 15.000 kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækis á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Nautakjöt fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Íslenskar matvörur hf

Ostur fyrir tímabilið júlí 2015 – júní 2016

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Íslenskar matvörur ehf

Tekin voru fyrir vafamál tilboða á tollkvótum. Ákveðið var að taka annað tilboðið gilt en hinu var hafnað og gert verður minnisblað um málið.

3. Lagt var fyrir svar við erindi Innnes ehf dags. 16. júlí sl., þar sem farið var fram á rökstuðning vegna höfnunar á frekri framlengingu á áður úthlutaðum WTO tollkvóta.
4. Takið fyrir erindi frá Félagi atvinnurekenda dags. 21. júlí 2015 þar sem farið var fram á afhendingu gagna og útreikninga á ákvörðun WTO tolla. Ákveðið var að fresta málinu þar til eftir að sumarleyfum líkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.